

# Íþróttar- og tómstundasvið Reykjavíkur

## Starfsáætlun 2011



Reykjavíkurborg



## Efnisyfirlit:

|                                                       |    |
|-------------------------------------------------------|----|
| Inngangur .....                                       | 3  |
| Hlutverk Íþróttar- og tómstundasviðs Reykjavíkur..... | 4  |
| Helstu verkefni 2010.....                             | 5  |
| Stefnukort ÍTR 2011 .....                             | 7  |
| Helstu verkefni 2011.....                             | 8  |
| <i>Þjónusta</i> .....                                 | 8  |
| <i>Verklag</i> .....                                  | 9  |
| <i>Mannauður</i> .....                                | 11 |
| <i>Fjármál</i> .....                                  | 12 |
| Lykiltölur ÍTR.....                                   | 13 |
| Skorkort.....                                         | 15 |
| Fjárhagsáætlun ÍTR 2011.....                          | 17 |
| Viðauki.....                                          | 18 |

## Inngangur

Á hverjum tíma er mikilvægt að eining og samstaða ríki um gildi sem unnið er útfrá. Ekki síst á þetta við þegar þengir að starfsemi og starfsumhverfi. **Sköpunarkraftur, virðing, fagmennska, fjölbreytileiki og gleði** eru gildi sem fjölmennur hópur starfsmanna telur lýsa starfi sínu hjá ÍTR best og vill hafa að leiðarljósi. Sett hafa verið fram markmið og leiðir skilgreindar til skemmri tíma út frá þessum gildum og birtast þau víða í verkefnum ÍTR.

Staðan í samfélaginu krefst þess að hagrætt sé í starfinu eins og kostur er. Hjá ÍTR verður reynt að koma til móts við hagræðinguna með nýju gildin að leiðarljósi. Lögð er áhersla á að tryggja gott uppeldisumhverfi fyrir börn, unglinga og ungmenni og auðvelt aðgengi að uppbyggilegu frístundastarfi. Samstarf við Íþrótt- og æskulýðsfélög og önnur svið borgarinnar er afar stór þáttur í þessu tilliti. Jafnframt er kastljósi beint að frítíma fjölskyldunnar og hvatt til aukinnar samveru í fjölbreytilegu umhverfi sem finna má í hverfum borgarinnar.


Margir komu að gerð starfsáætlunar ÍTR 2011. Haldnir voru tveir stórir starfsdagar með þátttöku stjórnenda, starfsmanna og fulltrúa úr Íþrótt- og tómstundaráði og mynduð var ritstjórn með þátttöku fulltrúa úr öllum starfshópum. Einnig hefur verið tekið mið af könnunum sem gerðar hafa verið á viðhorfum notenda þjónustunnar og upplýsingum um þátttöku í skipulögðu frístundastarfi í borginni.

Samhliða þessari vinnu var einnig horft til lengri tíma en vinna er hafin við stefnumótun ÍTR til ársins 2015.

Árið 2011 eru 25 ár frá því borgarstjórn ákvað að sameina Íþróttaráð Reykjavíkur og Æskulýðsráð Reykjavíkur undir eina stofnun sem hlaut nafnið Íþrótt- og tómstundaráð. ÍTR mun af þessu tilefni gangast fyrir sérstökum hátíðisdegi fyrir börnin í borginni. Önnur stórafmæli sem ÍTR fagnar á árinu eru 50 ára afmæli Vesturbæjarlaugar, 30 ára afmæli Breiðholtiðslaugar, 20 ára afmæli Hins Hússins og 25 ára afmæli Frostaskjóls.

Starfsáætlun ÍTR 2011 er sett fram á svipaðan máta og undanfarin ár. Þar er hlutverk ÍTR tilgreint, stefnukort birt og helstu verkefni ársins. Settar eru fram lykiltölur og í skorkorti er að finna árangursmælingar. Í viðauka er að finna skýringar við stefnukort, verkefnalista með tímaáætlun og ábyrgðarmönnum. Þar er einnig að finna upplýsingar úr könnunum og upplýsingabrunni frístundakortskerfisins um þátttöku í frístundastarfi í borginni. Starfsstaðir ÍTR gera sínar áætlanir út frá áherslum í starfsáætlun ÍTR.

## Skipurit fyrir Íþróttta- og tómstundasvið



### Hlutverk Íþróttta- og tómstundasviðs Reykjavíkur

Stuðla að heilbrigði almennings og vellíðan með því að skapa einstaklingum á öllum aldri tækifæri til íþróttaiðkunar, líkamsræktar, afþreyingar og slökunar.

Skipuleggja uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf fyrir börn, unglinga og ungmenni, þar sem gildi virkrar þátttöku, uppeldis, óformlegs náms og forvarna eru í fyrirrúmi.

Eiga gott samstarf við íþróttta- og æskulýðsfélög, önnur svið borgarinnar og aðra aðila sem koma að velferð barna, unglinga og ungmenna í hverfum borgarinnar.

Stuðla að því að engum verði mismunað í frístundastarfi á grunvelli kyns, uppruna, trúar, þjóðernis eða fötlunar.

Hafa forystu um eflingu og þróun fagumhverfis frítímaþjónustunnar.

Búa starfsfólki gott umhverfi til að dafna í starfi.

## Helstu verkefni 2010

### Fjármála- og rekstrarþjónusta

- Fyrstu drög að nýrri útdeilingu fjármagns til frístundamiðstöðva.
- Reglubundin verkefni eins og fjárhagsáætlun, mánaðaruppgjör, ársuppgjör, innheimta ofl.

### Mannauðsþjónusta

- Undirbúningur hófst við endurskoðun vaktakerfis í sundlauga.
- Unnið formlegt upplýsinga- og fundafyrirkomulag fyrir íþróttasvið.
- Útfærð atvinnuátaksverkefni í samráði við Mannauðsskrifstofu Rvk.
- Málþingið Höfuð í bleyti haldið þar sem kynnt voru athyglisverð verkefni á tómstundasviði.
- Stjórnendatorg þar sem kynntar voru aðferðir og nýjar leiðir við stjórnun verkefna og starfsstaða hjá ÍTR.
- Uppfærðar starfslýsingar fyrir störf stjórnenda á báðum fagskrifstofum.
- Farið af stað með innra eftirlit mannauðsmála, t.d. hvað varðar fjölda stöðugilda og fræðslumál starfsstaða
- Verkferlar unnir t.d. er varðar uppsögn og áminningar og hvernig unnið er með sakaskrá
- Unnin viðbragðsáætlun vegna áreitni af hálfu þjónustuþega.

### Tómstundamál

- Frístundaheimilið Frostheimar tók til starfa sem safnfrístund fyrir börn í 3. og 4. bekk í öllum þremur grunnskólum Vesturbæjar.
- Tilraun með aukið vetrarstarf fyrir 10-12 ára börn í Grafarvogi og Breiðholti.
- Sumarsmiðjur fyrir 10-12 ára í öllum hverfum.
- Sumaropnum í félagsmiðstöðvum.
- Frístundaheimilið Klapparholt og félagsmiðstöðin Holtið við Norðlingaskóla fá nýtt húsnæði við Norðlingabraut 12.
- Bætt útivistaraðstaða við Gufunesbæ.
- Félagsmiðstöðin Frosti flytur starfsemi sína að mestu í Hagaskóla.
- Útibú frá félagsmiðstöðinni Fókus opnað í Sæmundarskóla.
- Félagsmiðstöð opnar í Breiðholtsskóla.
- Hverfisíþróttafélögin fóru af stað með Frístundastrætó í samstarfi við frístundaheimilin.
- Strætóskólinn „Guli risinn“ tók til starfa fyrir börn í 3. og 4. bekk á frístundaheimilum.
- Þátttaka í fyrstu Barnamenningarhátíðinni í Reykjavík.
- Hvatningarverðlaun frístundaheimila afhent í fyrsta skipti.

## Íþróttamál


- Norðlingabraut 12 – Fimleikaaðstaða
- Samningur við ÍR vegna reksturs íþróttahúss Seljaskóla
- Viðbótarsamningar vegna Egilshallar vegna Fjölnis og frístundaklúbbs fyrir börn og unglinga með sérþarfir
- Sparkvöllur settur upp við Háteigsskóla
- Sparkvöllur settur upp við Ölduselsskóla
- Samstarf við verkfræðistofuna Eflu varðandi grasvelli
- Samstarf við Metatron varðandi gervigrasvelli
- Parket keppnisgólf sett á íþróttahús Seljaskóla
- Sundhöllin í samstarf við RIFF alþjóðlega kvikmyndahátíð
- Vesturbærjaug þátttakandi í Airwaves tónlistarhátíðinni

## Þróun og upplýsingamál

- Unnið var að endurhönnun á vefsíðu ÍTR og nýtt kerfi sett upp fyrir vefsíður starfsstaða.
- Gagnvirkur leitar- og upplýsingavefur um íþrótt- og tómstundastarf í Reykjavík fyrir börn og unglinga var uppfærður. Unnið er að því að þróa vefinn sem heilsársvef, Frístundavef ÍTR og bæta við hann upplýsingum um afþreyingarkosti og útivistarmöguleika í hverfum borgarinnar fyrir börn og fjölskyldur sem áður var undir vefheitinu *Ævintýri á heimaslóðum*.
- Unnið var að þróun innri vefs ÍTR. Myndaalbúm fyrir alla starfsstaði var sett á nýjar síður og einnig á innri vef.
- Í október var sett á laggirnar ritstjórn vefmála hjá ÍTR.
- Upplýsingabæklingar á erlendum tungumálum um starfsemi ÍTR og Frístundakortið voru gefnir út í tengslum við þróunarverkefni um frístundir innflytjendabarna. Unnið af Frístundamiðstöðinni Kampi. Kynningarbæklingur *Eitthvað fyrir þig* á 5 tungumálum og í vefútgáfu. Dreift á þjónustumiðstöðvar og starfsstaði ÍTR og víðar.
- ÍTR nýtti sér könnun R&G á högum unglinga sem gerða var í mars. Sérstök frítímarannsókn meðal nemenda í 8. – 10. bekk var framkvæmd af R&G fyrir ÍTR í nóvember. Sérstök greining var gerð á starfsemi félagsmiðstöðva.
- Könnun var gerð meðal unglinga sem tóku þátt í félagsmiðstöðvahópum ÍTR í sumar og foreldra þeirra.
- Könnun var gerð meðal foreldra barna á frístundaheimilum og könnun á þjónustu ÍTR við 10 – 12 ára aldurshópinn.
- Styrkur fékkst frá Rannís / Nýsköpunarsjóði námsmanna til rannsóknaverkefnis sem beindist að ungu fólki í verkefninu Vítamín hjá Hinu Húsinu.
- Mat var lagt á Frístundakortið eftir þriggja ára þróunartímabil. Upplýsingar unnar úr gagnagrunni Frístundakortsins um þátttöku 6 – 18 ára Reykvíkinga í skipulögðu frístundastarfi greint eftir hverfum, helstu greinum tómstunda, kyni og aldri. Einnig var greind þátttaka í sérstökum verkefnum í hverfum á grundvelli s.k. 5% reglu. Könnun var gerð meðal stærstu félaganna sem aðild eiga að Frístundakortinu.
- Þróunarverkefni um atvinnumál ungs fólks, ÍTR Torgið, var starfrækt í Miðbergi á haustmisseri 2010. Verkefnið var samstarfsverkefni frístundamiðstöðvanna, HH og Vinnumálastofnunar.

## Stefnukort ÍTR 2011

### Stefnukort ÍTR 2011



Sjá skýringar á velgengniþáttum í stefnukorti í [viðauka](#).

## Helstu verkefni 2011

### Þjónusta

#### Almenningur stundi heilbrigðar frístundir

- Aukin áhersla á starfsemi frístundamiðstöðvanna fyrir alla aldurshópa þar sem meðal annars verður leitast við að efla samstarf við félagsmiðstöðvar Velferðarsviðs og menningarstofnanir.
- Settur verður á laggirnar starfshópur sem vinnur að auknu samstarfi ÍTR og Menningar- og ferðamálasviðs með það að markmiði að fjölga tilboðum til borgarbúa í frítíma þeirra og einnig að skoða samstarfsmöguleika varðandi ýmsa íþrótt- og menningartengda viðburði.
- Haldinn verður leikjadagur í júní í tilefni af 25 ára afmæli ÍTR þar sem starfsfólk ÍTR býður börnum og fullorðnum að taka þátt í leikjum og fjölbreyttri afþreyingu við frístundamiðstöðvar, sundlaugar og á ýmsum stöðum í borginni þar sem er góð aðstaða til leikja og útivistar.
- Komið verði á útivistarteymi sem skilgreini hlutverk ÍTR varðandi útivist borgarbúa. Teymið vinni að stefnumótun og framkvæmd verkefna sem snúa að útivist og útivistarsvæðum í samráði við önnur svið borgarinnar.

#### Uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf fyrir ungt fólk

- Kortlagning á samstarfi starfsstaða ÍTR varðandi barna-, unglinga- og ungmennastarf. Unnið verði að því að auka samfellu í frístundastarfi milli aldursskeiða skoða þetta með tilliti til samvinnu starfsfólks, fræðslu, samnýtingar á húsnaði, upplýsingastreymis, auðlindabanka starfsfólks, sameiginlegra verkefna, samráðninga o.s.frv.
- Vinna að stefnumótun varðandi starf fyrir 10-12 ára aldurshópinn. Skilgreina hlutverk ÍTR og þjónustustig. Í þessu sambandi þarf að meta það starf sem boðið hefur verið upp á fyrir þennan aldurshóp og þau tilraunaverkefni sem unnið hefur verið að.
- Skilgreind viðmið varðandi starfsemi félagsmiðstöðva þar sem horft er til búnaðar- og rýmisþarfa, markhóps, verkefna og þjónustutíma verði staðfest af ÍTR og borgaryfirvöldum. Slík samþykkt er mikilvæg til að tryggja tilvist félagsmiðstöðva og þjónustustig.
- Vinna að stefnumótun varðandi sumaropnun og heilsársrekstur félagsmiðstöðva.
- Vinna að stefnumótun varðandi starf fyrir 16 ára og eldri. Skilgreina hlutverk ÍTR og þjónustustig. Í þessu sambandi þarf að meta það starf sem boðið hefur verið upp á fyrir þennan aldurshóp og þau verkefni sem unnið hefur verið að.

## Hvatning og stuðningur við ungt fólk

- Þróa verklag sem laðar fram aukin áhrif barna-, unglinga- og ungmenna í frístundastarfi og nærsamfélagi á forsendum virkrar þátttöku og lýðræðis.
- Þróa og samræma tilboð fyrir ungmenni í atvinnuleit í takt við þörf hverju sinni – samstarfsverkefni Vinnumiðlunar ungs fólks og annarra aðila.
- Útfæra Frístundastrætó með hliðsjón af því hvernig til tókst með verkefnið árið 2010.
- Endurskoðun á stuðningi við börn með sérþarfir á frístundaheimilum og frístundaklúbbum í starfi ÍTR.
- Hópurinn „Ódýrari frístundir“ skilar af sér tillögum að leiðum sem að stuðla að ódýrari frístundum fyrir börn og unglinga. Markmið starfshópsins er að stuðla að jafnrétti til frístunda, óháð efnahag, uppruna, kyni og öðrum atriðum, sem og að örva nýbreytni og nýsköpun á sviði íþrótta- og tómstundamála með einkunnarorðin „frístundir fyrir alla“ að leiðarljósi.

## Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum

- Meta reynslu af samstarfi félagsmiðstöðva og skóla varðandi þátttöku frístundaráðgjafa ÍTR í lífsleiknikennslu. Út frá því verði áherslur ÍTR um lífsleikniverkefni endurskoðaðar. (Hér er átt við hópefli, Kompás fræðsluna, Ljónið og vindinn o.fl. verkefni sem hafa það að markmiði að ná til minnihlutahópa, efla félagsfærni og ná til þeirra sem ekki stunda skipulagt frístundastarf.)
- Auka þátttöku innflytjenda í skipulögðu starfi fyrir börn, unglinga og ungmenni. Byggja á reynsluverkefnum í Kampi og Miðbergi um frístundir innflytjendabarna og samstarfi á hverfisgrundvelli.
- Endurskoða þjónustu ÍTR við fatlaða vegna tilfærslu málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga.
- Gera úttekt á því hvort úthlutun styrkja ÍTR sé í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

## Verklag

### Skýrir verkferlar

- Skýra upp verkferla varðandi vistun gagna og málsmeðferð þannig að sjálfvirkni við vistun gagna á innri vef ÍTR og í handbók aukist.
- Endurskoða verklag varðandi innritun á frístundaheimili með það að markmiði að koma í veg fyrir að biðlisti myndist að hausti. Skoða einnig verklag varðandi innritun í sumarstarf frístundaheimilanna.

## Aðgengilegar upplýsingar

- Kynna frístundamöguleika í borginni svo sem íþrótt- og tómstundastarf og útivistamöguleika. Sameina sumarvef og vetrarvef ÍTR undir einum gagnvirkum leitarvef sem yrði heilsársvefur. Þar verði meðal annars hægt að sjá hvar hægt er að komast inn í húsnæði á vegum borgarinnar fyrir félagsstarf, námskeið og aðra starfsemi fyrir borgarbúa. „Ævintýri á heimaslóð“ falli inn í heilsársvefinn og hann tengdur viðburðardagatali á vefsíðu Reykjavíkurborgar.
- Nýtt upplýsingabréf frá Leikskólasviði, Menntasviði og ÍTR fari til foreldra barna sem eru að byrja í skóla að hausti þar sem fram koma upplýsingar um skóla- og frítímastarf. Bréfið verði einnig þýtt á algengustu tungumál í þessum hópi.
- Endurskoðun á Starfsskrá skrifstofu tómstundamála þar sem fram kemur hugmyndafræðin og markmið með tómstundastarfi ÍTR.
- Unnið verði vefrænt yfirlit, „Dótaskassi ÍTR“, yfir þau töl og tæki sem til eru á starfsstöðum með það að markmiði að stuðla að samnýtingu þeirra (t.d. tölvur, klippibúnaður, ljósabúnaður og aðrar græjur).
- Settur verði á laggirnar hópur sem mótar framtíðartillögur um rafræna skráningu og innheimtu í allt starf á vegum frístundamiðstöðva.

## Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða

- Gerð verði úttekt á tækjum og búnaði íþróttamannvirkja og áætlun um viðhald og endurnýjun til næstu fimm ára.
- Gerð verði úttekt á húsnæði, tækjum og búnaði í félagsmiðstöðvum og unnar tillögur til úrbóta í samræmi við samþykktar rýmisþarfir ásamt áætlun um viðhald og endurnýjun til næstu fimm ára.
- Útivistarteymi ÍTR geri tillögur til borgaryfirvalda að bættu ástandi útivistarsvæða í borginni.

## Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila

- Leitað verði samráðs við Menntasvið varðandi kannanir sem beinast að grunnskólanemum og samnýtingu gagna.
- Efla hverfisvitund með auknu samstarfi aðila í hverfum. Forstöðumenn ÍTR haldi utan um nokkurs konar starfsáætlun fyrir hverfin þar sem fram koma þeir viðburðir sem starfsstaðir í hverfunum ætla að vinna að í sameiningu. Meðal annars hvað gert verður sameiginlegt í vetrarfríum skólanna. Upplýsingum verði miðlað í rafrænt viðburðardagatal.
- Auka með skipulegum hætti upplýsingaflæði til foreldra um líðan barnanna á frístundaheimilum.
- Efla upplýsingamiðlun og samstarf frístundamiðstöðva og Hins Hússins við skólasamfélagið, foreldra og samtök þeirra.
- Efla samstarf frístundamiðstöðva og Hins Hússins við íþrótt- og æskulýðsfélög til að tryggja börnum og unglingum fjölbreyttari tækifæri til íþrótt- og tómstundastarfs.

- Formgera samstarf frístundamiðstöðva og hverfisráða með áherslu á lýðræðislega aðkomu ungmennaráða að starfi hverfisráða.
- Skýra upp verklagsreglur og skipulag á stuðningi við 10-16 ára börn með sérþarfir í félagsmiðstöðvastarfi í samstarfi við þjónustumiðstöðvar og annað frístundastarf í hverfum.

## **Mannauður**

### **Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi**

- Endurnýja umboð öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða á starfsstöðum ÍTR með það að markmiði að uppfylla lagaskyldu sbr. lög nr. 46/1980 og reglugerð um vinnuverndarstarf.
- Mannauðsþjónusta þróa áfram verklag varðandi innra eftirlit mannauðsmála. Áhersla skal lögð á starfsþróunarsamtöl, ráðningarferilinn og vaktaútfærslur.
- Markviss starfsmannaskipti með það að markmiði að efla þekkingu og skilning milli starfa og starfsstaða.

### **Öflugt fagumhverfi frítímaþjónustunnar**

- Námskeið haldin fyrir starfsmenn í barna- og unglingastarfi þar sem áhersla er lögð á hvernig nýta megi útivist enn frekar í starfinu og athygli sérstaklega beint að þeim útivistarsvæðum sem ÍTR hefur yfir að ráða.
- Aukin áhersla á námskeið/fræðslu sem miðar að því að styrkja fagleg vinnubrögð starfsfólks ÍTR í vinnu með börnum, unglingum og ungmennum í frístundastarfi.
- Skapa vettvang fyrir starfsmenn ÍTR til umræðu um réttindi og skyldur, siðareglur, sakavottorð og ýmiss efni sem tengjast samábyrgð í starfi.
- Skýra upp þekkingarstöðvahlutverk starfsstaða ÍTR og hvernig þeir miðla þekkingu út til annarra starfsstaða.

### **Hæft og ánægt starfsfólk**

- Nýta og virkja þekkingu og færni vaktformanna í sundlaugum með og í gegnum samstarfsverkefni.
- Alls konar störf fyrir alls konar starfsfólk. Starfsstaðaheimsóknir með skemmtilegu ívafi þar sem starfsgleðin er höfð að leiðarljósi.
- Fjölskyldudagur fyrir starfsfólk ÍTR verði haldinn í tengslum við afmælishátíð ÍTR í júní.
- Innleiða verklag við framkvæmd frammistöðumatsviðtala.
- Komið verði upp nokkurs konar „Auðlindabanka ÍTR“ með því að kortleggja þekkingu og færni starfsfólks ÍTR. Markmiðið er að sérþekking og hæfileikar starfsfólks nýtist sem best.

## Fjármál

### Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna

- Yfirfara nýtingu húsnæðis og hagræða þar sem kostur er.
- Semja um aðkomu íþróttafélaga að rekstri íþróttahúsa borgarinnar. ÍTR leigir húsin af Framkvæmdasviði og íþróttafélögin sjá um reksturinn á þeim. Áfram verða íþróttahúsin nýtt af skólum á dagtíma.
- Endurskoða heildarskipulag ÍTR með það að leiðarljósi að skoða hagkvæmni þess og samlegðaráhrif að sameina starfsstaði eða færa til verkefni. Einnig verða skoðaðir möguleikar á sameiningum og tilfærslum verkefna með öðrum sviðum borgarinnar.
- Endurskoðaðir verða verkferlar um innheimtu kostnaðar frá sveitarfélögum vegna þátttöku barna og ungmenna, í starfi ÍTR, sem eiga ekki lögheimili í Reykjavík.
- Skoða nýja möguleika varðandi hátíðarhöld á 17. júní með hagkvæmni að leiðarljósi. Kannað verði samstarf við Höfuðborgarstofu og ríkið með hliðsjón af 200 ára ártíð Jóns Sigurðssonar.
- Kanna kosti og hagræðingu við sameiginleg innkaup innan hverfis. Leita leiða til að auka upplýsingaflæði milli sviða og við innkaupaskrifstofu.

### Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar

- Ljúka vinnu við skilgreiningu á grunnkostnaði við rekstur frístundamiðstöðva miðað við þjónustustig.
- Sjá til þess að fjárhagsrammar séu gegnsæir og tilbúnir tímanlega fyrir rekstrarárið.

Sjá verkefnaskrá með tímaáætlun og ábyrgðarmönnum í [viðauka](#).

## Lykiltölur ÍTR

|                                                               | Raun<br>2008 | Raun<br>2009 | Raun/áætlun<br>2010    | Áætlun<br>2011   |
|---------------------------------------------------------------|--------------|--------------|------------------------|------------------|
| <b>Starfsmannamál</b>                                         |              |              |                        |                  |
| Fjöldi starfsmanna (meðaltal)                                 | 1.086        | 1.208        | 1203                   | 1164             |
| Fjöldi stöðugilda (1.okt)                                     | 489          | 518          | 538                    | 458              |
| Fjöldi starfsmanna á sviði tólmstundamála (1.okt)             | 746          | 850          | 883                    | 783              |
| - Karlar                                                      |              | 311          | 347                    | 316              |
| - Konur                                                       |              | 539          | 536                    | 467              |
| Fjöldi starfsmanna á sviði íþróttamála (1.okt)                | 221          | 213          | 204                    | 184              |
| - Karlar                                                      |              | 121          | 127                    | 117              |
| - Konur                                                       |              | 92           | 77                     | 67               |
| Fjöldi starfsmanna sem vinna annarsstaðar hjá ÍTR (1.okt)     | 138          | 119          | 131                    | 128              |
| Heildarfjöldi starfsmanna (1.okt)                             | 1.105        | 1.182        | 1.240                  | 1064             |
| - Karlar                                                      |              | 483          | 530                    | 455              |
| - Konur                                                       |              | 699          | 710                    | 609              |
| <b>Aðsóknartölur</b>                                          |              |              |                        |                  |
| Aðsókn að sundstöðum ÍTR í þús                                | 1.690        | 1.834        | 1.900*                 | 1.910            |
| Aðsókn að Ylströnd í þús                                      | 150          | 453          | 472                    | 450              |
| Aðsókn að Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í þús                | 164          | 187          | 190                    | 190              |
| <b>Rekstrartölur</b>                                          |              |              |                        |                  |
| Heitt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR                            | 2.002        | 1.537        | 1.616                  | 1.714            |
| Kalt vatn í þús.rúmmetr, alls ÍTR                             | 701          | 737          | 784                    | 765              |
| Raforkunotkun í þús.kílóvattastundum, alls ÍTR                | 5.960        | 6.071        | 6.183                  | 5.720            |
| <b>Frístundaheimili 6-9 ára</b>                               |              |              |                        |                  |
| Frístundaheimilispláss skv. áætlun                            | 2.100        | 2.100        | 2.600                  | 2.600            |
| Fjöldi umsókna á frístundaheimili, haust (1. okt.)            | 2.750        | 2.901        | 3.219                  | 3.200            |
| Fjöldi barna á frístundaheimilum, vor (1. feb.)               | 2.203        | 2.478        | 2.779                  | 3.000            |
| Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)             | 2.537        | 2.842        | 3.161                  | 2.800            |
| Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (umsóknir) | 199          | 176          | 275                    | 290              |
| Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt) | 178          | 167          | 260                    | 280              |
| Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára                      | 5.198        | 4.723**      | 4.426                  | 4.400            |
| - Stelpur                                                     | 2.575        | 2.378        | 2.248                  | 2.200            |
| - Strákar                                                     | 2.623        | 2.345        | 2.178                  | 2.200            |
| <b>Frístundaklúbbar 10-16 ára (börn með fötlun)</b>           |              |              |                        |                  |
| Fjöldi umsókna í frístundaklúbb fatlaðara 10-16 ára (1. okt.) | 86           | 104          | 104                    |                  |
| Frístundaklúbbar fatlaðra 10-16 ára (1. okt)                  | 71           | 94           | 98                     |                  |
| Fjöldi skráninga í sumarstarf                                 | -            | 330          | 544 með Garði og Öskju |                  |
| - Stelpur                                                     | -            | 222          | 173                    |                  |
| - Strákar                                                     | -            | 108          | 371                    |                  |
| <b>Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára</b>                   |              |              |                        |                  |
| Heildarþátttaka yfir árið                                     | 14.789       | 17.544       | 14.007 (okt)           | 15.000 (allt ár) |
| - Stelpur                                                     | 6.778        | 8.565        | 7.089                  | 7.500            |
| - Strákar                                                     | 8.011        | 8.979        | 6.918                  | 7.500            |
| - Þar af yfir sumarið                                         |              | 1.519        | 2.610                  | 2.700            |
| <b>Félagsmiðstöðvar 13-16 ára</b>                             |              |              |                        |                  |
| Heimsóknir unglinga í félagsmiðstöðvar                        | 99.881       | 122.456      | 92.284 (31. okt)       | 100.000          |
| - Stelpur                                                     | 45.716       | 53.853       | 40.873                 | 45.000           |
| - Strákar                                                     | 54.165       | 68.603       | 51.411                 | 55.000           |

|                                                                                       |         |         |         |         |
|---------------------------------------------------------------------------------------|---------|---------|---------|---------|
| Þar af í sumaropnun                                                                   |         | 1.733   | 6.308   | 6.500   |
| Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í Reykjavíkurráði) | 65 (14) | 62 (12) | 70 (16) | 70 (16) |
| - Stelpur                                                                             | 41 (6)  | 34 (5)  | 35 (8)  | 35 (8)  |
| - Strákar                                                                             | 24 (8)  | 28 (7)  | 35 (8)  | 35 (8)  |
| Fjöldi unglinga í félagsmiðstöðvarhópum ÍTR og Vinnuskóla.                            | 191     | 332***  | 144     | 150     |
| - Stelpur                                                                             | 78      | 186     | 67      | 75      |
| - Strákar                                                                             | 131     | 146     | 77      | 75      |
| <b>Annað starf fyrir börn, unglinga og ungmenni</b>                                   |         |         |         |         |
| Börn á smíðavöllum                                                                    |         |         | 286     | 130     |
| Börn á námskeiði í Siglunesi                                                          |         | 328     | 337     | 200     |
| Börn á námskeiði í Húsdýragarði                                                       |         | 200     | 267     | 250     |
| <b>Frístundakortið - ráðstöfun</b>                                                    |         |         |         |         |
| 6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                           | 64%     | 68%     | 71%     | 75%     |
| - Stelpur                                                                             |         |         | 73%     | 75%     |
| - Strákar                                                                             |         |         | 69%     | 73%     |
| 6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                              | 71%     | 76%     | 81%     | 85%     |
| 10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                            | 77%     | 75%     | 82%     | 85%     |
| 13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                            | 63%     | 66%     | 71%     | 75%     |
| 16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                            | 42%     | 46%     | 51%     | 55%     |
| <b>Frístundakortið - skráning</b>                                                     |         |         |         |         |
| 6 - 18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                           | 74      | 79%     | 84%     | 85%     |
| - Stelpur                                                                             |         |         | 86%     | 86%     |
| - Strákar                                                                             |         |         | 83%     | 84%     |
| 6-9 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                              | 80%     | 92%     | 97%     | 97%     |
| 10-12 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                            | 86%     | 87%     | 94%     | 95%     |
| 13-15 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                            | 75%     | 79%     | 82%     | 83%     |
| 16-18 ára (hlutfall af fjölda í aldurshóp)                                            | 55%     | 62%     | 64%     | 65%     |
| Fjöldi félaga með aðild                                                               | 143     | 170     | 176     | 180     |

\* Raun jan - sept, 2009 tölur okt - des

\*\* Ekki raunveruleg fækkun vegna þess að eldri börn með fötlun voru áður inni í þessari tölu

\*\*\* Aukning vegna styrks frá Velferðarsjóði barna

## Skorkort

|                                                                                                        | Raun<br>2009       | Raun/<br>áætlun<br>2010 | Markmið<br>2011 |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|--------------------|-------------------------|-----------------|
| <b>Þjónusta</b>                                                                                        |                    |                         |                 |
| <b>Almenningur stundi heilbrigðar frístundir</b>                                                       |                    |                         |                 |
| Fjöldi gesta í sundlaugum (í þús.)                                                                     | 1822               | 1910                    | 1910            |
| <b>Uppbyggilegt og skemmtilegt frístundastarf fyrir ungt fólk</b>                                      |                    |                         |                 |
| Hlutfall foreldra sem eru ánægðir með frístundaheimilin                                                | 89%                | 85%                     | 89%             |
| Hlutfall unglunga sem stunda félagsmiðstöðvastarf ÍTR reglubundið (þrisvar sinnum í mán. eða oftár)    | 33%                | 68,4%                   | 70%             |
| Hlutfall unglunga sem eru ánægðir með starfsemi félagsmiðstöðva (ný mæling)                            |                    | 85,1%                   | 87%             |
| Fjöldi skráður í starfsemi félaga / frístundakortskerfið                                               | 79%                | 84%                     | 85%             |
| <b>Hvatning og stuðningur við ungt fólk</b>                                                            |                    |                         |                 |
| Hlutfall barna og unglunga sem nýta Frístundakortið                                                    | 68%                | 71%                     | 71%             |
| <b>Framsækin þjónusta byggð á mannréttindum</b>                                                        |                    |                         |                 |
| Hlutfall starfsmanna sem þekkir mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar vel                               | 38%                | Ekki mælt               | 75%             |
| Hlutfall stelpna/stráka á aldrinum 13-16 ára í starfi félagsmiðstöðva                                  | 44% kvk/<br>56% kk | 44% kvk/<br>56% kk      | 50%/<br>50%     |
| Hlutfall innflytjenda í 1.-4.bekk sem tekur þátt í starfi frístundaheimila                             | 35%                | Ekki mælt               | 51%             |
| <b>Verklag</b>                                                                                         |                    |                         |                 |
| <b>Skýrir verkferlar</b>                                                                               |                    |                         |                 |
| Fjöldi verkferla á innri vef                                                                           | 10                 | 20                      | 50              |
| Hlutfall starfsmanna sem eru sammála að vinnustaðurinn sinn leggi áherslu á gæði í störfum og þjónustu | 88%                | Ekki mælt               | 88%             |
| <b>Aðgengilegar upplýsingar</b>                                                                        |                    |                         |                 |
| Hlutfall sem fær nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og / eða vinnustað                     | 76%                | Ekki mælt               | 80%             |
| Fjöldi innlita á vefsíður ÍTR á viku                                                                   | 6635               | 5419                    | 7000            |
| Hlutfall starfsmanna sem notar innri vef borgarinnar nokkrum sinnum í mánuði eða oftár                 | 34%                | Ekki mælt               | 50%             |
| <b>Gott ástand mannvirkja og útivistarsvæða</b>                                                        |                    |                         |                 |
| Hlutfall viðhaldsverkefna sem er lokið innan 15 daga frá tilkynningu                                   | Ekki mælt          | Ekki mælt               | 80% lokið       |
| <b>Virkt samstarf og samráð við hagsmunaaðila</b>                                                      |                    |                         |                 |
| Hlutfall foreldra barna á frístundaheimilum sem eru ánægðir samfelli í degi barna sinna                | Ekki mælt          | 87%                     | 90%             |
| <b>Mannauður</b>                                                                                       |                    |                         |                 |
| <b>Eftirsóknarverður starfsvettvangur og hvetjandi umhverfi</b>                                        |                    |                         |                 |
| Hlutfall starfsmanna sem telja vinnuaðstöðu sína góða                                                  | 74%                | Ekki mælt               | 88%             |
| Hlutfall starfsmanna sem telur sig búa við starfsöryggi                                                | 78%                | Ekki mælt               | 84%             |
| <b>Öflugt fagumhverfi frítímapjónustunnar</b>                                                          |                    |                         |                 |
| Hlutfall starfsmanna sem telur ákvarðanir á sínum vinnustað byggja á faglegum forsendum                | 83%                | Ekki mælt               | 85%             |
| <b>Hæft og ánægt starfsfólk</b>                                                                        |                    |                         |                 |
| Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi                                                          | 91%                | Ekki mælt               | 91%             |

|                                                                                                  |        |           |        |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------|--------|-----------|--------|
| Hlutfall starfsmanna sem hafa fengið tækifæri til starfsþróunar og símenntunar á síðustu 12 mán. | 54%    | Ekki mælt | 70%    |
| Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum              | 72%    | Ekki mælt | 78%    |
| Hlutfall starfsmanna sem þekkir markmið og stefnu vinnustaðar síns                               | 92%    | Ekki mælt | 92%    |
| <b>Fjármál</b>                                                                                   |        |           |        |
| <b>Góð og hagkvæm stýring og nýting fjármuna</b>                                                 |        |           |        |
| Þeking tekna frístundaheimilanna                                                                 | 28,8%  | 30,9%     | 42,5%  |
| Álagning í sölustarfsemi                                                                         | 59,2%  | 50%       | 50%    |
| Innheimtuhlutfall krafna                                                                         | 97,95% | Ekki mælt | 98%    |
| <b>Styrkar undirstöður fjárhagsáætlunar</b>                                                      |        |           |        |
| Fjárhagsáætlun vs. raun %                                                                        | 1,2%   | 3,9%      | +/- 1% |

## Fjárhagsáætlun ÍTR 2011

Fjárhagsáætlun ÍTR tekur mið af kröfum um mikla hagræðingu en jafnframt viðhalda góðri þjónustu við borgarbúa. Í þessu skyni verður hagrætt í starfsmannamálum og þjónustustigi breytt. Þegar störf losna verður leitað leiða til endurskipulagningar með hagræðingu að leiðarljósi. Kannaðir verða möguleikar á sameiningu eða samrekstri frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva og íþróttamiðstöðva. Dregið verður úr styrkveitingum, kostnaði vegna leigu og reksturs mannvirkja. Gjaldskrár fyrir alla þjónustu verða endurskoðaðar og hækkaðar nema barnagjald í sund. Dregið er úr aðkeyptri vinnu, bifreiðakostnaði, leigu húsnæðis, kostnaði við starfsdaga og fræðslu, kynningar og markaðsmál. Lagt er til að fjárveiting vegna hátíðarhaldanna 17. júní verði flutt til Höfuðborgarstofu og morgunathöfn verði áfram á vegum ríkisins.

Kannaður verður fjárhagslegur og faglegur ávinningur af auknu samstarfi sviða borgarinnar varðandi ýmsa þjónustu svo sem frístundaheimila, leikskóla og grunnskóla, félagsstarf fyrir aldraða og atvinnuúrræði fyrir ungt fólk. Á árinu verða gerðar útektir sem varða kostnað við rekstur mannvirkja ÍTR, bæði hvað varðar viðhald og tækjabúnað og unnin áætlun um kostnað við endurnýjun til næstu fimm ára. Áætlunin verður m.a. unnin út frá skilgreindum grunnkostnaði við rekstur þar sem miðað við ákveðið þjónustustig og rýmisþarfir.

Í starfsemi frístundaheimila er gert ráð fyrir 3000 plássum á ársgrunni fyrir börn 6 – 9 ára. Gjaldskrár frístundaheimila eru hækkaðar, hærri gjald tekið fyrir dvöl fyrir hádegi á löngum dögum og hagrætt er í starfsmannahaldi. Dregið verður úr kostnaði við sumarnámskeið fyrir börn, starfsemi siglingaklúbbs í Nauthólsvík og könnuð samlegðaráhrif við rekstur smíðavalla og skólagarða. Skoðaðir verða kostir þess að gera frístundamiðstöðina Gufunesbæ að þekkingarmiðstöð í útivistarmálum og hún taki yfir umsjón með starfsemi í Nauthólsvík. Þjónustutími Ylstrandar yfir sumarið verður stytur, opnunardögum að vetrinum fækkað og innheimt gjald vegna afnota af aðstöðu. Hagrætt verður í starfsemi Hins Hússins og unnið að stefnumótun varðandi starf fyrir 16 ára og eldri í borginni. Tilraunaverkefni um frístundastrætó verður haldið áfram og leitað eftir auknu samstarfi við Strætó bs.

Í rekstri sundlauga er gert ráð fyrir auknum kostnaði vegna mikilla hækkana á klór, sápu og orku. Vaktakerfi sundstaða verður breytt, sparað í yfirvinnu og störfum fækkað. Vegna viðhalds er gert ráð fyrir að tveimur sundlaugum verði lokað tímabundið um sumarið. Hagrætt verður í rekstri skíðasvæðisins í Bláfjöllum og skíðabrekkna í hverfum. Ekki er gert ráð fyrir að skíðasvæði í Skálafelli verði opið en hjólareiðavangur starfræktur á svæðinu yfir sumarið. Í rekstri ÍTR er gert ráð fyrir kostnaði vegna samninga um Egilshöll, Íþrótt- og sýningarhöllina og kostnaði við fimleikaaðstöðu, félagsmiðstöð og frístundaheimili í Norðlingaholti auk kostnaðar vegna íþróttahúss Sæmundarskóla vegna notkunar Fram. Þá er gert ráð fyrir að íþróttafélög taki yfir rekstur íþróttahúsa sem í dag eru í rekstri ÍTR.

Þjónustusamningar borgarinnar við íþrótt- og æskulýðsfélög runnu út í lok árs 2010. Heildarsamningur verður gerður við ÍBR vegna þjónustusamninga við íþróttafélög. ÍBR semur við öll íþróttafélögin vegna ársins 2011 og samið verður til eins árs.

## Viðauki

Í viðauka eru birt eftirtalin fylgiskjöl með starfsáætlun ÍTR:

1. [Skýringar við stefnukort ÍTR.](#)
2. [Verkefnaskrá ÍTR 2011.](#)
3. Valdar lykilmyndir úr könnun Rannsóknar og greiningar í mars 2010 um þátttöku unglunga í 8., 9. og 10. bekk í skipulögðu íþróttar- og tómstundastarfi greint eftir hverfum. Einnig eru myndir sem sýna samveru með foreldrum um helgar, útivistartíma s.l. 7 daga, vinnu með skóla hjá 10. bekk og þróun neyslu.
4. Frístundakönnun ÍTR framkvæmd af R&G í nóv. 2010.
5. Úr gagnagrunni Frístundakortsins eru myndir sem sýna þróun heildarþátttöku í starfi félaga og hversu margir nýta Frístundakortið í aldurshópunum 6 – 9 ára, 10 – 12 ára, 13 – 15 ára og 16 – 18 ára. Gögn frístundakortsins eru greind eftir pósthverfum.
6. Úr viðhorfskönnun sem gerð var í apríl 2010 meðal foreldra barna á frístundaheimilum eru birtar nokkrar yfirlitsmyndir. Þá eru helstu niðurstöður úr viðhorfskönnunum sem gerðar voru í sumar meðal foreldra barna og unglunga í sumarstarfi ÍTR.

Myndirnar eru á pdf formi og auðvelt að skoða þær á tölvuskjá með því að stækka skjalið á skjánum.